



Fréttaskot úr skólaflímu, nív. 2004.
Umsjón og ábyrgð: Mór Vilhjálmsson

Menntaskólinn við Sund

GNOÐARVOGI 43, 104-REYKJAVÍK, SÍMI: 580-7300,
BRÉFSÍMI: 580-7301. HEIMASÍÐA: HTTP://WWW.MSUND.IS

STUBBUR

ÁRGANGUR 4, TBL. 2

Smælki

Af samstarfsnefnd MS og kennara

Samstarfsnefnd MS og kennara hefur frá upphafi haldið 40 fundi. Fyrsti formlegi fundur nefndarinnar var haldinn 15. ágúst 2001. Fyrstu samstarfsnefndina skipuðu af hálfu kennara: Ágúst Ásgeirsson og Hjördís Þorgeirsdóttir en af hálfu skólans voru á þessum fyrsta fundi Mór Vilhjálmsson og Pétur Rasmussen. Á þessum fyrsta fundi var rætt um vinnubrögð, farið var yfir verkefni og hlutverk nefndarinnar en einnig var rætt um skipan faglegra stjórnenda og og stórf verkefnisstjóra.

Nokkur breyting varð á skipan í samstarfsnefnd í kjölfar breytinga á stjórnun við skólann. Pétur Rasmussen hætti sem konrektor haustið 2002 og vék þá úr samstarfsnefnd. Hjördís Þorgeirsdóttir var ráðin sem konrektor í stað Péturs og skipti í kjölfarið um sæti í nefndinni. Hún hefur síðan verið þar sem annar fulltrúi skólans. Valgerður Halldórsdóttir tók sæti hennar sem fulltrúi kennara og gegndi því hlutverki fram á haust 2004 er hún vék úr nefndinni og tók Sigurður Ragnarsson þá sæti hennar en hann hafði þá verið varamaður kennara í nefndinni í langan tíma.


Fundargerðir samstarfsnefndar og samningar eru aðgengilegar starfsmönnum skólans á kennarastofu.

Vefsíða skólans er:
<http://www.msund.is>

Útskrifaðir stúdentar frá upphafi skólans

Unnið upp úr nýrri samantekt Sigurðar Ragnarssonar

Haustið 2004 er fjöldi brautskráðra stúdenta frá skólanum frá upphafi 5220 eða 163 nemendur að meðaltali á ári. Flestir voru brautskráðir frá skólanum árið 1977 eða 191 nemandi og næstfjölmennasti árgangurinn brautskráðist 1979 en þá luki 185 námi við skólann. Minnsti árgangur frá skólanum brautskráðist vorið 2004 en þá luku stúdentsprófi frá skólanum aðeins 134 nemendur. Næstmínsti árgangurinn braut-



Tafla 1. Fjöldi brautskráðra stúdenta 1973-2004 skipt eftir kyni.

skráðist árið 2000 en þá luku 137 nemendur námi við skólann.

Þegar sagan er skoðuð kemur í ljós að alls hafa 2567 piltar brautskráðst frá skólanum og 2657 stúlkur. Fyrstu árin voru piltar í meirihluta en umskipti urðu í lok níunda áratugar tuttugustu aldar og hafa stúlkur verið heldur fjölmennari en piltar í útskriftarhópnum flest árin þar eftir. Fyrstu 10 árin eru piltar hins vegar tæp 54% brautskráðra stúdenta en stúlkur um 46% (sjá töflu 2).

Ár	Piltar	Hlutfall %	Stúlkur	Hlutfall %	Samtals
1973	95	59,75	64	40,25	159
1974	94	59,49	64	40,51	158
1975	83	57,64	61	42,36	144
1976	90	56,60	69	43,40	159
1977	103	53,93	88	46,07	191
1978	81	47,93	88	52,07	169
1979	107	57,84	78	42,16	185
1980	84	46,15	98	53,85	182
1981	77	48,43	82	51,57	159
1982	86	52,76	77	47,24	163
Meðalgildi	90	53,92	76,9	46,08	166,9

Tafla 2. Fjöldi og hlutfall brautskráðra pilta og stúlkna '73-

Framhald á baksíðu →



AÐEINS ÞAÐ BESTA

Menntaskólinn
við Sund

→ Framhald af síðu 1

Þegar þetta hlutfall er skoðað fyrir tímabilið 1993 til 2002 kemur í ljós að brautskráðar stúlkur eru orðnar í meirihluta brautskráðra nemenda eða ríflega 52,5% að jafnaði yfir það tímabil. Piltar eru tæplega 47,5% brautskráðra og þá hefur fækkað nokkuð í útskriftarhópnum og telur hann að jafnaði tæplega 162 stúdenta í stað 167 fyrstu tíu ár skólans (sjá töflu 3). Athyglisvert er að stærsti útskriftarhópur frá skólanum (191 nemandi) brautskráðist árið 1977 en það ár flutti skólinn að fullu frá Miðbæjar-skólanum í núverandi húsnæði inn við Gnoðarvog.

Ár	Piltar	Hlutfall %	Stúlkur	Hlutfall %	Samtals
1993	90	49,72	91	50,28	181
1994	91	52,30	83	47,70	174
1995	79	46,75	90	53,25	169
1996	97	55,75	77	44,25	174
1997	56	35,00	104	65,00	160
1998	76	48,41	81	51,59	157
1999	88	48,35	94	51,65	182
2000	62	45,26	75	54,74	137
2001	63	45,00	77	55,00	140
2002	66	45,83	78	54,17	144
Meðalgildi	76,8	47,47	85,0	52,53	161,8

Tafla 3. Fjöldi og hlutfall brautskráðra pilta og stúlkna '93-02.

Sveiflur í stærð útskriftarárganga hafa alltaf verið frekar miklar hér við skólann. Í töflu 4 eru sýndir stærstu og minnstu hópar brautskráðra stúdenta. Þar kemur fram að fyrstu árin eftir að skólinn flutti í núverandi

Stærstu hópar brautskráðra stúdenta		Minnstu hópar brautskráðra stúdenta	
Ár	Fjöldi	Ár	Fjöldi
1977	191	2004	134
1979	185	2000	137
1980	182	2001	140
1999	182	2002/1975	144

Tafla 4. Stærstu og minnstu hópar sem hafa brautskráðst frá skólanum.

húsnæði var útskriftarhópurinn óvanalega stór. Ef til vill má skýra það út frá því að á þeim tíma var upptökusvæðið óvanalega stórt. Nemendur í skólanum komu bæði frá miðbæjarsvæðinu sem og frá þeim hverfum sem síðar urðu skólahverfi MS.

Stærð hópa sem útskrifast ræðst ekki eingöngu af fjölda nemenda sem innritast fjórum árum áður heldur getur mismikið brottfall og misjafnt námsgengi haft þar áhrif. Velta má því fyrir sér hvort átök á launamarkaði hafi ekki neikvæð áhrif á skólagöngu framhaldsskólanema. Ætla má að áhrifin verði mest á yngsta hluta nemenda sem ekki hefur tamið sér sjálfstæði í vinnubrögðum þegar átök hefjast. Um þetta eru að minnsta kosti ákveðnar vísbendingar í gögnum skólans t.d. þegar fjöldi brautskráðra stúdenta er skoðaður með tilliti til fjölda innritaðra nemenda á fyrsta ár fjórum árum áður. Það hlýtur því að vera eitt af mikilvægustu baráttumálum menntamálaráðherra hverju sinni að gera sitt til þess að kjör kennara séu þannig að ekki þurfi að koma til átaka og verkfalla.



Mynd . Frá brautskráningu stúdenta í Háskólabíói vorið 2003.

Starfsmenn við skólann

Kennarar í líffræði

Við skólann starfa þrír reyndir líffræðikennarar. Þeir hafa starfað saman í áratugi og hafa þeir byggt upp ákaflega öfluga og góða kennslu í líffræði hér við skólann.

Ágúst H. Bjarnason er sviðstjóri náttúrufræðigreina. Hann er doktor í grasfræði og hefur verið virkur innan vísindanna í langan tíma. Auk þess hefur hann ritað nokkrar kennslubækur og fjölmargar greinar á sínu fræðasviði.

Hákon Óskarsson hefur sérmenntun á sviði dýrafræði og hafa bakteríur og fuglar verið rannsóknarefni hans. Áhugi hans á lífefnafræði og heilaskurðlækningum er einnig kunnur. Hákon hefur einnig lengi kennt efnafræði við skólann. Þá hefur Hákon einnig sinnt félagsmálum nemenda og er í vetur annar félagsmálafulltrúa skólans.

Skúli Þór Magnússon er fagstjóri í líffræði. Sérsvið Skúla er grasfræði og mosar. Þá er Skúli þekktur ljósmyndari og hefur haldið uppi kennslu í ljósmyndun hér við skólann við góðan orðstír. Einnig hefur hann haldið fjölda námskeiða í ljósmyndun fyrir áhugafólk víða af landinu.

Menntaskólinn við Sund

sími: 580-7300, bréfasími:

580-7301